



# Læsisstefna

# Kársnesskóla

## Efnisyfirlit

Læsisstefna Kársnesskóla	3
Kennsla í lestri	4
Byrjendalæsi	4
Læsi til náms	4
Lestur og lestrarþjálfun í skóla	5
Lestrarþjálfun heima	6
Lestur námsgreina	7
Ritun	7
Próf og skimanir, framkvæmd og ábyrgð	8
Viðmið lesfimiþróa	9
Sérkennsla og stuðningur	10
Læsishópar	10
Nemendur með sértæka erfiðleika	11
Nemendur með íslensku sem annað mál	12
Námsmarkmið í læsi	13
Orðalisti – skýringar á hugtökum og prófum	17
Heimildir og stuðningsrit	21

Læsisstefnan gildir til vors 2023 og er ætlað að vera lifandi skjal, endurskoðað árlega.

## Læsisstefna Kársnesskóla

Læsisstefna Kársnesskóla tekur mið af [aðalnámskrá grunnskóla](#) og [Þjóðarsáttmála um læsi](#) frá mennta- og menningarráðuneytinu. Hlutverk stefnunnar er fyrst og síðast ætlað að vera leiðbeinandi handbók fyrir kennara skólans. Í henni er að finna yfirlit yfir lestraraðferðir og þau próf og skimanir sem við notum auk gátlista yfir þau markmið sem stefnt er að.

Læsisstefnan miðar annars vegar að því að kenna lestur og þjálfva nemendur í lestrarfærni og hins vegar að efla lesskilning og fá nemendur til að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan og skapandi hátt með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Þannig leggjum við áherslu á alla þætti læsis; færni í talmáli, lestri og ritun. Með því að beita ólíkum kennsluaðferðum og nota fjölbreytt verkefni við lestrarnám stefnum við að því að efla áhuga nemenda á lestri og því sem hann hefur upp á að bjóða. Við leggjum okkur fram við að allir nemendur skólans:

- nái góðum tókum á umskráningarfærni fyrir hraða, sjálfvirkni og lestrarlag
- tileinki sér góðan orðaforða og skilning á hugtökum og efli þannig málskilning
- fái tækifæri og þjálfun í að tjá sig á fjölbreyttan máta, bæði í töluðu og rituðu máli
- fái tíma og næði til að njóta yndislesturs

Við fylgjumst náið með framvindu lestrar og grípum inn í ef grunur leikur á að um lestrarerfiðleika sé að ræða. Nemendur fá þá aukna þjálfun í þeim þáttum sem á þarf að halda og foreldrar/forráðamenn leiðbeiningar um viðeigandi þjálfun og verkefni. Við viljum vera í góðri samvinnu við heimilin og allir nemendur eiga að lesa heima daglega (unglingar í lestrarsprettum). Yndislestur er í hávegum hafður í öllum bekkjum skólans og við leggjum rækt við að gera lestur og lestrartengd verkefni sýnileg á veggjum skólans.

Á yngsta stigi byggir lestrarkennsla á Byrjendalæsi og á mið- og elsta stigi er stuðst við Læsi til náms. Lögð er áhersla á að allir kennarar Kársnesskóla tileinki sér kennsluaðferðir sem efla læsi nemenda. Í því felst m.a. að vinna markvisst að góðum málskilningi nemenda, að kenna orðaforða og hugtök sem tengjast hverri námsgrein, að nota fjölbreyttar aðferðir til að efla lesskilning og ekki síst að gefa nemendum tíma og næði til lesturs, bæði til gagns og gamans.

## Kennsla í lestri

Góð lestrarfærni er undirstaða alls náms. Kennsluaðferðir fyrir lestur eru fjölmargar og í Kársnesskóla notum við hljóðaaðferðina, Byrjendalæsi og Læsi til náms en að auki nýtum fjölmargar leiðir sem ekki falla undir eina ákveðna aðferð.

## Byrjendalæsi

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var innleidd skólaárið 2011 – 2012 og er aðferð í lestrarkennslu barna í 1. og 2. bekk. Börnum með ólíka færni er kennt hlið við hlið sem kallar á mikla samvinnu þeirra á milli en um leið er gætt að þörfum hvers og eins. Notast er við margskonar gæðatexta, þ.e. skáldsögur, ljóð, fræðitexta og námsbækur, til að kveikja áhuga barna, ýta undir ímyndunarafli þeirra og gagnrýna hugsun. Þessir sömu textar eru hafðir til grundvallar í allri vinnu með stafi og hljóð, orðaforða, skilning og ritun (Trausti Jónsson (2008:1).

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta. Í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms (tákn og hljóð) og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphaflegs texta. Þvert á þrepin þrjú á sér stað mikill lestur nemenda. Gengið er út frá því að lestrarkennsla fari fram tvisvar til þrisvar á dag, fimm daga vikunnar.

Um hugmyndafræði [Byrjendalæsis](#), markmið og leiðir í kennslu má lesa nánar á síðu Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

## Læsi til náms

Skólaárið 2013 – 2014 hófst innleiðing á hugmyndafræði Læsi til náms, kennslu í læsi og ritun fyrir 3. – 10. bekk. Í Læsi til náms er líkt og í Byrjendalæsi, áhersla lögð á öflugt málumhverfi, samvinnu og samræðu; að nemendur ræði það efni sem þeir fást við og geti tjáð sig með viðeigandi orðaforða og málsniði. Viðfangsefnið er brotið til mergjar stig af stigi og nemendur læra markvisst að rannsaka, greina og meta texta og tjá sig um hann eða efni hans.

Kennarar geta fundið lesefni um LTN og hugmyndir að verkefnum inn á sameign: Allt – Læsi til náms.

## Lestur og lestrarþjálfun í skóla

Nemendur í 1. – 7. bekk eiga að lesa daglega, ýmist hjá umsjónarkennara og/eða fagkennara.

Lesturinn er ýmist raddlestur fyrir kennara eða féлага, eða hljóðlestur. Þeim skiptum sem nemendur lesa upphátt fækkar með aukinni færni og hljóðlestur kemur þess í stað. Markviss lestrarþjálfun á unglíngastigi fer fram í íslenskutímum og í lestrarsprettum/heimalestri, en þess utan fá nemendur þjálfun í öllum námsgreinum og í yndislestri.

Samhliða eiginlegri lestrarkennslu þarf að vekja áhuga nemenda á lestri og lesefni. Á yngsta- og miðstigi eiga kennarar að lesa skáldsögur upphátt fyrir nemendur í næðisstundum (og nota hljóðbækur og/eða annað upplestið efni). Á elsta stigi eiga íslensku- og tungumálakennarar að lesa stutta bókmenntatexta fyrir nemendur í bland við að segja frá efni bóka.

Yndislestur er hluti af daglegu starfi og eiga allir nemendur alltaf að vera með lesefni sem þeir geta gripið í milli verkefna auk þeirra föstu stunda sem gefnar eru í yndislestur. Kennarar eiga sömuleiðis að ganga fram með góðu fordæmi og grípa í bækur þegar tilefni gefst og í lestrarstundum bekkjarins. Þá á að hvetja til umræðna um það efni sem nemendur eru að lesa og veita öllum nemendum tækifæri til að segja frá bókum sem þeir hafa lesið eða kynna þær með öðru móti. Kennarar eiga jafnframt sjálfir að kynna og segja frá lesefni með það í huga að kveikja áhuga nemenda. Á hverjum vetri skipuleggur bókasafnsfræðingur í samvinnu við stjórnendur heimsóknir rithöfunda eða skálda í skólann.

Lestrarsprettir eru tvisvar sinnum á hvorri önn, og geta ýmist verið lestur í skóla eða heima fyrir, allt eftir þörfum hverju sinni. Eins geta þeir verið breytilegir milli árganga og/eða stiga og ekki alltaf á sama tíma fyrir alla nemendur skólans, en þannig er hægt að nýta bókakost skólans betur.

Kennarar og bókasafnsfræðingar aðstoða nemendur við val á lesefni sem hæfir aldri, þroska og getu þeirra. Öllum nemendum á að bjóða á skólabókasafnið reglulega til að hlusta á upplestur og ræða bókmenntir. Það getur ýmist verið í höndum bókasafnsfræðings, umsjónarkennara eða faggreinakennara. Þess utan eiga umsjónar- og/eða faggreinakennarar að fara með nemendur á Bókasafn Kópavogsbæjar og hvetja nemendur til að nýta sér þá þjónustu.

Nemendur í 4. og 7. bekk taka allir þátt í upplestrarkeppni sem haldin er hvert ár (Stóra upplestrarkeppnin f. 7. bekk og Litla upplestrarkeppnin f. 4. bekk). Fyrir keppnina æfa nemendur upplestur á skáldskap og fá leiðsögn um öndun, líkamsstöðu, skýrmæli, áherslur og hrynjandi. Allar

upplýsingar um upplestrarkeppnina má finna á [heimasíðu Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn](#).

Við leggjum áherslu á lestrarhvetjandi umhverfi þar sem bækur eru sýnilegar í kennslustofum og aðgengilegar nemendum. Veggmyndir, orðaveggir og verkefni nemenda eiga að sjást á veggjum, bæði í skólastofum og á göngunum.

## Lestrarþjálfun heima

Grunnurinn að góðri lestrarfærni er þjálfun og þó að börn lesi í skólanum þá er það ekki í þeim mæli að það dugi til að þau nái tilskildum árangri og hæfni. Þess vegna er heimalestur afar mikilvægur.

Markmið með honum er að börn auki leshraða sinn, efli orðaforða, málskilning og lesskilning.

Allir nemendur í 1. – 10. bekk eiga að lesa heima skv. fyrirmælum kennara um fjölda blaðsíðna eða mínútna. Heimalestur er einstaklingsmiðaður og í höndum umsjónarkennara/sérkennara að útfæra hann. Almenna reglan er þó þessi:

- Nemendur í 1. – 7. bekk eiga að lesa daglega fyrir foreldra sem skrá lestur og kvitta.
- Nemendur í 8. – 10. bekk eiga að lesa heima í svokölluðum lestrarsprettum sem eru einu til tvisvar sinnum á hvorri önn, 3 – 4 vikur í senn. Annar heimalestur er skipulagður af umsjónar- og/eða íslenskukennurum. Nemendur skrá lesturinn skv. fyrirmælum kennara í hvert skipti.

Kennarar útfæra skráningarkerfi fyrir heimalestur sem nemendur skila til kennara skv. fyrirfram kynntu fyrirkomulagi. Heimalestur er metinn til einkunnar.

Utan hefðbundins heimalesturs eru allir nemendur hvattir til yndislesturs í frítíma sínum og getur slíkur lestur verið hluti af heimalestri en það er þó alltaf í höndum kennara að ákveða það.

Nemendur eru hvattir til að lesa yfir sumartímann og taka þátt í sumarlestri á vegum Bókasafns Kópavogs.

Foreldrar nemenda í 1. og 5. bekk eru boðaðir á fund í skólann á haustdögum þar sem farið er yfir lestrarkennslu, áherslur skólans og hlutverk heimilanna í lestrarnámi barnanna. Nemendur í 8. bekk og foreldrar þeirra fá einnig boð um sama efni við upphaf skólaárs.

<i>Lestur, lestrarkennsla og þjálfun</i>	<b>1. b</b>	<b>2. – 4. b</b>	<b>5. – 7. b</b>	<b>8. – 10. b</b>
Byrjendalæsi	x	x		
Læsi til náms			x	x
Læsi (í hópum)			x	
Þjálfun hljóðkerfisvitundar	x	x		
Lestur fyrir nemendur (skáldskapur og annað efni utan námsbóka)	Daglega	Daglega	Daglega	Vikulega
Lestur fyrir nemendur (úr námsefni)	x	x	x	x
Raddlestur nemanda f. kennara eða féлага	4x í viku	3x í viku	2x í viku	1x í viku
Lestur í námsbók		Daglega	Daglega	Daglega
Lestur á vefsíðum			x	x
Yndislestur	3x í viku	3x í viku	3x í viku	3x í viku
Gagnvirkur lestur/paralestur	x	x	x	x
Þjálfun í framsögn		x	x	x
Lestraráttak á hvorri önn	x	x	x	x
Heimalestur (þjálfun/yndislestur)	Daglega	Daglega	Daglega	Sprettir
Heimlestur í námsbók			Vikulega	Vikulega

## Lestur námsgreina

Þegar nemendur hafa tileinkað sér nokkra færni í lestri fara þeir að nýta hana til þess að afla sér upplýsinga, m.a. með lestri námsbóka. Allir kennarar bera ábyrgð á því að kenna lestur í sinni námsgrein en það felur í sér kynna nemendum sértækan orðaforða og mismunandi textategundir. Eins á að kenna ólíkar lestraraðferðir, þ.e. nákvæmnislestur, leitarlestur, yfirlitslestur og skimun og þjálfa nemendur í að beita þessum aðferðum við lestur og um leið efla lesskilning.

## Ritun

Kennsla í ritun hefst um leið og lestrarkennsla og unnið er að umskráningu í báðar áttir, þ.e. frá staf til hljóðs (lestur) og frá hljóði til stafs (ritun). Í Byrjendalæsi og Læsi til náms er áhersla á að kenna og þjálfa nemendur markvisst í þeirri fjölbreyttu færni sem ritun krefst. Það felur m.a. í sér að skoða markmið texta, ólíkar textagerðir, uppbyggingu texta, framsetningu, málsnið, orðaforða og réttiritun. Lestur og ritun eru tvær hliðar á sama peningi, því fjölbreyttari texta sem nemendur lesa því auðveldara eiga þeir með að skrifa slíka texta og öfugt.

<b>Mál- og lesskilningur</b>	<b>1. b</b>	<b>2. b</b>	<b>3. – 4. b</b>	<b>5. - 7. b</b>	<b>8. - 10. b</b>
Þjálfun ólíkra lestraraðferða			x	x	x
Samlestur í hópum og umræður um efnið			x	x	x
Lestur ólíkra textategunda		x	x	x	x
Lestur myndrita, korta o.þ.h.		x	x	x	x
Merking orða og orðasambanda kennd	x	x	x	x	x
Orðaforði námsgreina kenndur	x	x	x	x	x
Skrifleg lesskilningsverkefni		x	x	x	x
Unnið með orðadæmi, þrautir og gátur	x	x	x	x	x
Unnið með þulur/vísur/ljóð og myndmál	x	x	x	x	x
Unnið með bókmenntahugtök	x	x	x	x	x
Myndræn úrvinnsla á texta	x	x	x	x	x
Munnlegar frásagnir og endursagnir	x	x	x	x	x
Kynningar á leefni	x	x	x	x	x
Umræður, málfundir og rökstuðningur	x	x	x	x	x
Leikræn tjáning	x	x	x	x	x
<b>Ritun</b>					
Textavinna út frá myndum, hlustunarefni		x	x	x	x
Hugarkort	x	x	x	x	x
Uppbygging sögu	x	x	x	x	x
Myndasögur	x	x	x	x	x
Skapandi skrif s.s. ljóðagerð, smásögur, ævintýri, leikrit	x	x	x	x	x
Bókmenntatexti				x	x
Útdrættir				x	x
Endursagnir				x	x
Heimildaritun				x	x
Rökfærsluritun				x	x
Gagnrýni					x
Ólíkar textategundir; bréf, blogg, dagbók, lýsingar, leiðbeiningar, ferðasögur o.s.frv.	x	x	x	x	x

## Próf og skimanir, framkvæmd og ábyrgð

Í Kársnesskóla bera allir kennarar ábyrgð á læsina mí nemenda þar sem hver kennari sinnir læsi í sinni námsgrein og fylgist með stöðu nemenda. Það er síðan á ábyrgð hvers umsjónarkennara að fylgjast með færni og framförum sinna umsjónarnemenda í lesfimi og lesskilningi.

Við upphaf skólagöngu er strax hafist handa við að greina lestrarfærni nemenda. Skimanir og lestrarpróf eru lögð fyrir alla nemendur út alla skólagönguna í þeim tilgangi að fylgjast með stöðu þeirra, hvort þeir taki eðlilegum framförum og veita þjónustu í samræmi við niðurstöður.

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á og stýra framkvæmd og úrvinnslu lesfimi og lesskilningsprófa.



Það er alltaf samvinna umsjónarkennara og sérkennara að finna viðeigandi úrræði fyrir nemendur út frá niðurstöðum lestrarprófa, hvort heldur sem þeir þurfa meiri hvatningu og stuðning eða meira krefjandi efni.

Ritari skráir niðurstöður lesskilningsprófa (Orðarún) í sameign: *LESTUR – Námsmat nemenda*, kennarar koma upplýsingum til hans strax og þær liggja fyrir. Kennarar skrá niðurstöður Orðarúnar sem einkunn fyrir hæfniviðmið í íslensku.

Framsagnarpróf eru lögð fyrir alla nemendur í 4., 7. og 10. bekk. Blæbrigði, hrynjandi og áherslur í lestri er metið til einkunnar. Prófið er stuttur texti úr sögubók ásamt ljóði sem nemendur fá með sér heim daginn fyrir próf til að æfa. Umsjónarkennarar prófa nemendur.

<i>Próf og skimanir</i>	1. b	2. b	3. b	4. b	5. b	6. b	7. b	8. b	9. b	10. b
Framsagnarpróf				mars/apr.			mars/apr.			feb/mars
Lesmál		apr.								
Lesskimun	okt.									
Læsi	nóv., feb., maí	nóv., feb.								
Orðarún			okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.		
Lesfimiþróf	jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí
Samræmd könnunarpróf				sept.			sept.		mars	
Tove Krogh	okt.									
Stafakönnun	nóv., feb., maí									

### Viðmið lesfimiþrófa

Menntamálastofnun hefur gefið út lesfimiviðmið fyrir lesin orð á mínútu sem nánar má lesa um hér:

[https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid\\_mms.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf)

bekkur	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1.	20	55	75
2. b	40	85	100
3. b	55	100	120
4. b	80	120	145
5. b	90	140	160
6. b	105	155	175
7. b	120	165	190
8. b	130	180	210
9. b	140	180	210
10. b	145	180	210

## Sérkennsla og stuðningur

Nemendur með lesblindugreiningu og þeir sem mælast undir 15. röð í LOGOS lestrargreiningu fá sérkennslu í lengri eða skemmri tíma, eftir aðstæðum og þörfum.

Sérkennarar og umsjónarkennarar meta niðurstöður lestrarprófa sem eru hafðar til grundvallar þegar kennslustundum í sérkennslu og stuðningi er deilt út til nemenda og nemendahópa en að auki á alltaf að taka tillit til bekkjarstærðar og annarra aðstæðna sem geta haft áhrif á stöðu nemanda. Nemendur sem skara fram úr í lestri á yngri stigum mega ekki gleymast og umsjónarkennari er ábyrgur fyrir því að sjá þeim fyrir krefjandi lesefni.

Stuðningur/aðhald við nemanda er einstaklingsmiðaður. Hann getur verið fólgin í tímabundinni lestrarþjálfun hjá sérkennara eða öðrum kennara, auknum stuðningi við heimilin eða annars konar úrræði sem við á hverju sinni. Sérkennari og umsjónarkennari vinna saman að því að finna viðeigandi úrræði.

## Læsishópar

Nemendum í 4. – 7. bekk er raðað í svokallaða læsishópa út frá niðurstöðum lesfimi- og lesskilningsprófa. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að nemandi sé rétt staðsettur í læsishópi. Hópaskiptingin er metin tvisvar á ári og nemendur færðir milli hópa ef þurfa þykir. Hverjum árgangi er skipt upp í fjóra til fimm hópa og nemendur fylgja sínum hópi í læsistíma; 4. bekkur 3x í viku og 5. – 7. bekkir 2x í viku. Á yngsta og miðstigi sjá umsjónarkennarar árgangs auk sérkennara og/eða þroskaþjálfara um kennslustundir í læsi.

Forsendur hópaskiptinga í læsi, markmið og leiðir í hverjum hópi:

Hópur	Markmið	Leiðir að markmiði
<b>Hópur 1</b> Góðir og öruggir lesarar.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Að þjálfra lestrarfærni og lestrarlag.</li> <li>- Að efla lesskilning.</li> <li>- Að æfa áheyrilegan upplestur.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- yndislestur</li> <li>- ólíkar lestraraðferðir</li> <li>- samlestur</li> <li>- endurtekinn lestur</li> <li>- ljóðalestur</li> <li>- hlustun</li> <li>- endursögn</li> <li>- skapandi skrif</li> <li>- hugtakakort</li> </ul>
<b>Hópur 2</b> Nemendur sem komnir eru vel af stað með lestur.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Að þjálfra lesfimi og lestrarlag.</li> <li>- Að efla lesskilning.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- yndislestur</li> <li>- ólíkar lestraraðferðir</li> <li>- lesskilningsverkefni</li> <li>- samlestur</li> <li>- endurtekinn lestur</li> <li>- ljóðalestur</li> <li>- hlustun</li> <li>- endursögn</li> <li>- skapandi skrif</li> <li>- hugtakakort</li> </ul>
<b>Hópur 3</b> Nemendur hafa ekki náð nægilega góðum tókum á lestri og lesskilningi. Þeir geta nýtt vissar aðferðir en þurfa meiri þjálfun í grunnþáttum til að öðlast öryggi.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Að auka grunnfærni í lestri; tækni og hraða.</li> <li>- Að ná færni í að vinna með texta á mismunandi vegu.</li> <li>- Að efla lesskilning.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- lestrarnákvæmi</li> <li>- lesfimi (sjálfvirkur lestur)</li> <li>- lesskilningsverkefni</li> <li>- einföld hugtakakort</li> <li>- skapandi skrif</li> </ul>
<b>Hópur 4</b> Nemendur hafa ekki náð tókum á umkóðunarferlinu.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Að auka lestrarfærni og ná upp öryggi í umkóðun (að breyta bókstöfum í hljóð).</li> <li>- Að efla lesskilning.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- hlustun (heyrnræn)</li> <li>- ritun (sjónræn)</li> <li>- hljóðkerfisvitund</li> <li>- stafainnlögn</li> <li>- stöfunaraðferð</li> <li>- orðaaðferð</li> <li>- myndlestur</li> <li>- hljóðaaðferð</li> <li>- heildaraðferð</li> <li>- setningaaðferð</li> <li>- markviss málörvun</li> <li>- einföld hugtakakort</li> </ul>

### Nemendur með sértæka erfiðleika

Það er á ábyrgð faggreinakennara og umsjónarkennara að mæta þörfum allra nemenda og við leggjum okkur fram við að gera öllum kleift að vinna sem mest í hópi með öðrum nemendum. Nemendur með sértæka erfiðleika eru þar engin undantekning en þeir fá aðstoð sérkennara/þroskaþjálfara og getur sú aðstoð falið í sér sérkennslu, tímabundinn stuðning og/eða leiðsögn við aðra kennara og foreldra. Stuðningsfulltrúar styðja einnig við nemendur í kennslustundum.

Auk þess er stutt við bakið á nemendum með því að:

- kenna þeim á hjálpargögn og hvetja þá til að nýta sér þau s.s. hljóðbækur, þjálfunarforrit, orðabækur og leiðréttingarforrit
- nýta tölvur/spjaldtölvur við nám og kennslu
- laga námsefni að þörfum og færni nemanda
- aðlaga námsmat og bjóða upp á aðrar aðstæður við próftöku

### **Nemendur með íslensku sem annað mál**

Almenna reglan er sú að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgja bekkjarfélögum sínum í námi og við leggjum áherslu á að þeir vinni sem mest með íslenskumælandi nemendum. Stuðningur við þá getur m.a. verið einstaklingsmiðuð íslenskukennsla í lengri eða skemmri tíma en felst að mestu í því að:

- laga læsistengt námsefni að þeirra færni, bæði í skóla og heimavinnu
- kenna þeim orðaforða og efla hugtakaskilning í gegnum efnistöð hvernar námsgreinar
- leggja áherslu á daglegan lestur þeirra í skólanum (á íslensku)
- kynna þeim og hvetja þá til að nota hljóðbækur í náminu
- leggja áherslu á samvinnunám sem eflir félagatengsl og örvar færni í talmáli
- hvetja foreldra til að kenna þeim að lesa á eigin móðurmáli/hvetja nemendur til að lesa á eigin móðurmáli
- nýta tölvur/spjaldtölvur við nám og kennslu
- hvetja nemendur til að nýta sér vefsíður á þeirra móðurmáli í verkefnavinnu
- aðlaga námsmat

## Námsmarkmið í læsi

Hér hefur námsmarkmiðum verið skipt niður á átta þrep til að auðvelda umsjónarkennurum að fylgjast með árangri hvers nemanda og bregðast við sé þess þörf.

1. þrep	Getur vel	Á góðri leið	Á erfitt með	Getur ekki
Þekkir nafn sitt á ritmáli				
Talar um myndir í bókum				
Hlustar á og bregst við sögulestri				
Velur bækur af ýmsu tagi				
Þekkir heiti bókstafa				
Þekkir hljóð bókstafa				
Finnur fyrsta staf í orði				
Finnur síðasta staf í orði				

2. þrep	Getur vel	Á góðri leið	Á erfitt með	Getur ekki
Getur hljóðað saman samhljóða og sérhljóða				
Getur hljóðað saman sérhljóða og samhljóða				
Getur lesið léttan texta, 2 - 5 stafa orð				
Velur sér lesefni af ýmsu tagi og á sér uppáhalds sögur og bækur				
Aðgreinir yndistexta og fræðitexta				
Þekkir ljóð og þulur				
Kann vísur og kvæði				
Þekkir rím				
Kann að ríma				
Þekkir sögupersónu og umhverfi				
Þekkir uppbyggingu sögu (upphaf, miðja, endir)				
Endursegir söguþráð				
Dregur rétt til stafs				
Semur texta frá eigin brjósti				

3. þrep	Getur vel	Á góðri leið	Á erfitt með	Getur ekki
Hljóðar sig í gegnum orð sem hann þekkir ekki				
Leiðréttir sig með tilliti til merkingar orða				
Les léttan texta				
Ræður í merkingu orðs út frá samhengi				
Les upphátt með áherslum				

Skilur aðalatriðin í stuttum skýringum og einföldum skilaboðum				
Les úr mismunandi myndritum				
Velur, les og klárar margvíslegt lesefni við hæfi				
Les í hljóði í sífellt lengri lotum (15 - 30 mín)				
Fylgir rituðum fyrirmælum stig af stigi				
Þekkir kaflaheiti og efnisyfirlit				
Kann stafrófið og nýtir sér það				
Dregur saman og endursegir sögu í réttri röð				
Ber saman líkar og ólíkar persónur og atburði í sögu				
Spyr spurninga úr efni bókar				
Tengir lesefni við eigin reynsluheim				
Skrifar frásögn með upphafi, miðju og endi				
Skrifar einfaldan útskýringatexta				

4. þrep	Getur vel	Á góðri leið	Á erfitt með	Getur ekki
Les skýrt og áheyrilega				
Les lipurt, gott flæði í lestri				
Les með blæbrigðum				
Les meðalþungar bækur og annan texta				
Sjálfstæður í vali lesefnis				
Velur lesefni eftir getu				
Gerir greinamun á staðreyndum og skáldskap í texta				
Aflar sér upplýsinga úr bókum og af netinu				
Les og skilur einfaldar töflur og gröf				
Notar lestraraðferð við hæfi (nákvæmnislestur, skimun og leitarlestur)				
Þekkir ólíka flokka bókmennta				
Gerir greinarmun á höfundi og sögupersónum				
Þekkir hugtökin sögupráður, persónur, umhverfi, sjónarhorn og boðskapur				
Notar dæmi til að styðja við mál sitt (bæði hugmyndir og álit)				
Beitir hugtökunum rím, kvæði, vísa og ljóðlína rétt				
Notar orðabækur rétt				
Sýnir sjálfstæði í að fylgja rituðum fyrirmælum í nokkrum þrepum				
Semur margskonar texta og leyfir öðrum að njóta hans				
Skrifar fræðitexta				

5. þrep	Getur vel	Á góðri leið	Á erfitt með	Getur ekki
Velur, les og lýkur við fjölbreyttar bækur				
Les ólíkar textategundir áheyrilega og á viðeigandi hraða				
Les lengi í hljóði (30 - 40 mín)				
Les úr kortum og myndritum				
Aflar upplýsinga með viðeigandi aðferð úr ólíkum miðlum (af netinu, úr blöðum, bókum og tímaritum)				
Greinir aðalatriði í texta				
Getur endursagt lesið efni munnlega				
Setur sér markmið og velur leið til að auka færni í lestri				
Getur rætt efni og boðskap skáldsögu				
Les milli línanna				
Greinir í sundur nokkur frásagnarform bókmennta				
Mælir með bókum við aðra				
Skrifar endursagnir úr lesnu efni				
Semur fjölbreytta texta				
Leysir krossgátur og vinnur með orðaleiki				

6. þrep	Getur vel	Á góðri leið	Á erfitt með	Getur ekki
Les bækur sem hæfa aldri og reyna á færni				
Les skýrt og áheyrilega með blæbrigðum				
Les smásögur, ævintýri, þjóðsögur og ljóð				
Byr sér til áætlun um val á lesefni				
Les sér til ánægju				
Les og skilur upplýsingatexta				
Greinir aðalatriði og vinnur með þau				
Sýnir sjálfstæði við lestur fjölfræðibóka, efnis á netinu og á öðrum texta til að afla sér upplýsinga og nýta sem heimildir				
Safnar upplýsingum úr flóknari gröfum, töflum, kortum og myndritum				
Þekkir einkenni þjóðsagna og getur greint þau				
Ræðir persónur, boðskap, fléttu og stíl í skáldsögum				
Kryfur bókmenntatexta í samvinnu við aðra				
Les á milli línanna				
Þekkir rím, ljóðstafi og hrynjandi				
Greinir einfalt myndmál í texta				
Beitir grunnatriðum heimildaritunar				
Semur ólíka texta				

Bætir orðaforða sinn og málskilning				
-------------------------------------	--	--	--	--

7. þrep	Getur vel	Á góðri leið	Á erfitt með	Getur ekki
Les skáldsögur sem hæfa þroska og aldri				
Velur fjölbreyttar tegundir bókmenntatexta				
Velur krefjandi lesefni				
Setur sér markmið í lestri				
Les valda forntexta				
Les margvísleg fyrirsmáli og fylgir þeim				
Aflar upplýsinga úr fræðitexta, greinum og öðrum texta og nýtir þær við vinnu				
Safnar, greinir og nýtir upplýsingar úr myndritum og kortum				
Leggur mat á texta og túlkar hann				
Beitir grunnatriðum heimildaritunar				
Semur ólíka texta				
Bætir orðaforða sinn og málskilning				
Greinir tíma, umhverfi, aðal- og aukapersónur, sjónarhorn, söguvið og boðskap í bókmenntatexta				
Ræðir bókmenntatexta og hugtök í hópavinnu				
Þekkir myndmál og getur notað það í eigin textagerð				
Leitar eftir skoðunum annarra um bókmenntir				
Beitir gagnrýnni hugsun við mat á bókmenntum				
Beitir grunnatriðum heimildaritunar				
Skrifar ólíkar textategundir (eftir fyrirmyndum t.d. höfunda og textategunda)				
Semur eigin texta og flytur fyrir aðra				

8. þrep	Getur vel	Á góðri leið	Á erfitt með	Getur ekki
Les bókmenntir ætlaðar unglíngum og ungu fólki, leggur mat á þær og túlkar				
Les krefjandi efni sér til ánægju				
Gefst ekki upp við lestur krefjandi texta				
Velur og skilur fjölbreytt lesefni (dagblöð, tímarit, efni af netinu, skáldskap)				
Greinir aðal- og aukaatriði í margskonar texta				
Velur og notar lestraraðferð við hæfi (nákvæmnislestur, skimun og leitarlestur)				
Greinir markmið texta (fræðsla, skemmtun, áróður)				
Les og skilur upplýsingatexta og leiðbeiningatexta (handbækur, neytendaupplýsingar, umsóknir og önnur eyðublöð)				
Safnar, greinir og nýtir upplýsingar úr fjölbreyttum texta til heimildavinnu				
Safnar, greinir og nýtir upplýsingar úr myndritum og kortum				
Aflar heimilda úr ýmsum gagnasöfnum				



Les Íslendingasögu í fullri lengd				
Metur, greinir og túlkar lesmál með gagnrýnum hætti				
Les laust og bundið mál áheyrilega þannig að efni og form njóti sín				
Ástundar lestur				
Þekkir og beitir helstu bókmenntahugtökum (aðal- og aukapersónur, sögusvið, sögumaður, sjónarhorn, tími og umhverfi, fafla og flétta, minni, vísun, og tákn)				
Þekkir hrynjandi, ljóðstafi og rím og getur notað það í eigin verkum				
Greinir myndmál og getur beitt því í eigin texta				
Hefur skoðun á bókmenntatexta og getur fær rök fyrir henni				
Tengir bókmenntatexta við aðra texta og/eða eigin reynslu				
Skrifar ólíkar textategundir og notar viðeigandi málsnið og orð				
Semur eigin texta og flytur fyrir aðra				
Tjáir hugmyndir sínar og skoðanir í riti				
Færir rök fyrir máli sínu í riti				
Skrifar heimildatexta, vísar til heimilda og skráir þær				
Raðar efnisgreinum í samhengi				

## Orðalisti – skýringar á hugtökum og prófum

Frekari lýsingar á lestrarprófum þ.e. skimunar-, greiningar- og stöðuprófum, má m.a. finna á [Lesvefnum](#), hér er aðeins stiklað á stóru.

.

**Endurtekinn lestur:** texti lesinn aftur til að þjálfa tækni, hraða og skilning.

**Framsagnarpróf:** eru lögð fyrir alla nemendur í 4., 7. og 10. bekk. Blæbrigði, hrynjandi og áherslur í lestri er metið til einkunnar. Prófið er stuttur texti úr sögubók ásamt ljóði sem nemendur fá með sér heim daginn fyrir próf til að æfa.

Nemendur í 4. bekk taka einnig þátt í litlu upplestrarkeppninni og 7. bekkur í stóru upplestrarkeppninni á vegum Radda, félags móðurmálskennara á Íslandi.

**Gagnvirkur lestur** (e. reciprocal teaching) fer yfirleitt fram í hópi þar sem nemendur lesa texta og draga saman aðalatriðin úr honum, spyrja um efni textans og tengja við eigin þekkingu, leita skýringa á orðum og orðasamböndum og spá fyrir um framhald textans (Guðmundur Engilbertsson, 2013). Nemendur skiptast á að fara með stjórnendahlutverkið en sá sem það hefur dregur atriðin saman og

spyr spurninganna. Frekari útskýringar á aðferðinni má finna í kennarabók Önnu Guðmundsdóttur, [Lesið til skilnings](#).

**Hljóðlestur:** lesið í hljóði. Leshraði fer eftir því hvernig efni er verið að lesa og hvaða lestraraðferð er beitt (hraðlestur, nákvæmnislestur, leitarlestur, skimun, yfirlitslestur og yndislestur).

**Hraðlestur:** texti lesinn eins hratt og mögulegt er með fullri athygli, lesandi skilur og man í heild það sem stendur í textanum. Hraðlestur er oft notaður við lestur afþreyingabókmennta. Leshraði eins góður og lesandi nær/þarf til að átta sig á efninu.

**Hugtakakort** eflir lesskilning þar sem kortagerðin reynir á færni nemenda til að draga út meginhugök og aðalatriði texta og raða þeim upp á skipulagðan og rökrænan hátt. Hugtakakort henta öllum aldri og í öllum námsgreinum og eru ýmist myndræn eða með orðum.

**Kórlestur:** hópur nemenda les saman texta, upphátt og í kór.

**Leitarlestur:** þá rennir lesandi yfir textann þar til hann finnur upplýsingarnar sem hann les vel. Leitarlestur er notaður við öflun upplýsinga t.d. í efnisyfirliti, bæklingum, orðabókum, verðlistum og þess háttar. Leshraði er mjög mikill.

**Lesfimiþróf** mæla fyrst og fremst lestrarhraða. Nemandi les upphátt í tvær mínútur og lestrarhraðinn er metinn út frá fjölda lesinna orða á mínútu að frádregnum þeimorðum sem nemandi les rangt, ef nokkur. Hægt er að bera niðurstöður saman við aldurstengd viðmið Menntamálastofnunar. Nemendur með lestrarvanda þreyta þróf sem hæfa færni þeirra og eru þá ekki alltaf aldursmiðuð.

**Lesmál – mat á lestri og réttitun** metur fjóra grunnþætti íslenskunnar; umskráningu, hraðlestur, lesskilning og réttitun. Prófið er staðlað fyrir 2. bekk.

**Lesskimun** áður Ltl, er skimunarþróf frá Menntamálastofnun sem lagt er fyrir alla nemendur 1. bekkjar í október.

**LOGOS** er tölvutækt greiningarþróf til að greina lesblindu og aðra lestrarörðugleika hjá börnum og unglingum. Það reynir m.a. á lesskilning, leshraða, hlustun og hugtakaskilning.

Prófið sem er þýtt, staðlað og staðfært, er tvískipt; fyrir nemendur í 3. – 5. bekk og fyrir 6. – 10. bekkina. Aðeins þeir sem hafa setið námskeið og hafa framhaldsmenntun á sviði sérkennslu mega leggja prófin fyrir nemendur. [Hér](#) má lesa meira um LOGOS.

**Læsi – lestrar skimun** athugar lestrarhæfni nemenda í 1. og 2. bekk, til upplýsinga fyrir kennara og til að finna nemendur sem kunna að vera í áhættuhópi vegna lestrarerfiðleika. Prófið er þýtt og staðfært.

**Nákvæmnislestur:** hvert orð lesið og um leið þarf lesandi að fylgjast með eigin skilningi á efninu og tengja við fyrri þekkingu. Nákvæmnislestur er oft notaður þegar verið er að lesa nýtt eða ókunnugt efni og því nauðsynlegt að vita tilgang lestrar fyrirfram, velta fyrir sér hvað maður veit um efnið, skoða textauppyggingu og leita að lykilorðum. Eftir lestur er gott að rifja upp aðalatriði og glósa. Leshraði er hægur í nákvæmnislestri og dæmi um hann er námsbókalestur.

**Orðarún** er staðlað lesskilningspróf fyrir nemendur í 3. – 8. bekk, ætlað að vera leiðbeinandi um næstu skref í námi. Það reynir á ólíka færni nemenda í lesskilningi, s.s. að greina staðreyndir, draga ályktanir og útskýra orðasambönd.

**Paralestur** þjálfar lestrarfærni, lesskilning, framsögn og gagnrýna hugsun. Nemendur með áþekka lestrarfærni eru paraðir saman, þeir skiptast á að lesa hvor fyrir annan og sá sem hlustar spyr þann sem les úr efninu og að lestri loknum draga þeir aðalatriðin saman og spá fyrir um framhaldið.

**Raddlestur:** nemandi les upphátt fyrir kennara og/eða bekkjarfélaga.

**Samræmd könnunarpróf** eru lögð fyrir 4., 7. og 9. bekk að vori ár hvert samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008. Prófað er í íslensku og stærðfræði í árgöngunum þremur en að auki í ensku í 10. bekk. Menntamálastofnun ber ábyrgð á útfærslu, fyrirlögn, fyrirgjöf og reglum er varða prófin. Allar upplýsingar um prófin auk eldri prófa má nálgast á [heimasíðu stofnunarinnar](#).

Samræmd könnunarpróf eru notuð til þess að skoða hvar skólinn stendur og hvar skóinn kreppir hjá hverjum nemanda. Deildarstjóri, sérkennari og fagkennari/umsjónarkennari fara yfir niðurstöður prófanna. Vísbendingar um slaka stöðu nemanda eru skoðaðar og vinna umsjónarkennari og sérkennari í samvinnu við foreldra, að ráðstöfunum til úrbóta. Þær geta verið tímabundið lestrarátak, sérkennsla eða annar stuðningur sem hentar nemandanum.

**Skimun** er notuð til að fá heildarsýn yfir texta. Lesandi skoðar fyrirsagnir, kaflaheiti, efnisyfirlit, einstök orð og málsgreinar og áttar sig þannig á efni texta og aðalatriðum. Skimun er t.d. notuð þegar leitað er heimilda og við lestur texta á netinu. Leshraði er mikill.

**Skiptilestur:** kennari og nemandi lesa saman til skiptis.

**Tove Krogh** er greinandi teikniþróf sem lagt er fyrir 1. bekk við upphaf skólagöngu. Prófið metur hæfni nemenda til að fara eftir munnlegum fyriræmælum, hvernig þeim gengur að skipuleggja vinnu sína og hver hugtakaskilningur þeirra er.

**Viðmið í lestri** eru aldursmiðuð og gefin út af Menntamálastofnun. Þau sýna hversu mörg orð á mínútu er ætlast til að nemendur geti lesið sér til gagns og gaman.

**Stafakönnun** kannar þekkingu 1. bekkinga á stöfum og hljóðum að hausti, í febrúar og að vori.

**Yfirlitslestur:** lesandi er fljótur að tileinka sér meginatriði texta án þess að dvelja við aukaatriði eins og í lestri dagblaða og tímarita. Töluverður leshraði.

**Yndislestur:** nemandi les bók/texta að eigin vali, sér til ánægju.

## Heimildir og stuðningsrit

Freyja Birgisdóttir, Fríða B. Jónsdóttir, Dröfn Rafnsdóttir og Guðrún E. Bentsdóttir. 2015. *Fagráð um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik – og grunnskólum – áfangaskýrsla*. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.

Guðbjörg Ragnarsdóttir. 2002. „Námstækni og hraðlestur.“ *Skíma*. 25.árg. 1. tbl.

Guðmundur Engilbertsson. 2013. Gagnvirkur lestur. *Orð af orði*. Sótt í nóvember 2015:  
<http://hagurbal.weebly.com/gagnvirkur-lestur.html>

Lestarpjálfun sem hentar jafnt sterkum sem veikum nemendum. 2014. *Skólavardan*. 14. árg. 1. tbl. Sótt í nóvember 2015:  
[http://issuu.com/kennarasamband/docs/skolavardan\\_1tbl\\_14arg\\_2014\\_ny?e=10593660%2F7867180](http://issuu.com/kennarasamband/docs/skolavardan_1tbl_14arg_2014_ny?e=10593660%2F7867180)

*Læsisstefna Álfhólsskóla 2015 – 2017*. Guðlaug Snorradóttir ritstýrði. Óbirt útgáfa.

*Læsisstefna Dalvíkurskóla*. 2014. Sótt í október 2015 af vef Dalvíkurskóla:  
<http://www.dalvikurbyggd.is/resources/Files/Grunnskoli/2013-2014/laesisstefna.pdf>

*Lestur er lífsins leikur*. 2015. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.

Trausti Þorsteinsson (ábyrgðarmaður). 2009. Um byrjendalæsi. *Byrjendalæsi*. 3. árg. 3. tbl. Sótt í nóvember 2015:  
[http://www.msha.is/static/files/Skolathrounarsvid/Blbladid/B\\_blad%203%20arg\\_3\\_tbl.PDF](http://www.msha.is/static/files/Skolathrounarsvid/Blbladid/B_blad%203%20arg_3_tbl.PDF)